



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 17. desember 2021

Tilvísun: 2021120126

Tilvísun yðar:

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndarsvið Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta).*

Embætti ríkislögreglustjóra hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til breytingar á þremur tilteknum lögum, sem eiga það sammerkt að vera ætlað að setja styrkari lagastoð undir ákvarðanir og ráðstafanir stjórnvalda um aukið áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta svo og aðrar ráðstafanir sem lúta að almanna- og þjóðaröryggi, einkanlega með tilliti til mikilvægra innviða.

Ríkislögreglustjóri fagnar markmiðum frumvarpsins um að lögð sé aukin áhersla á viðbúnað gagnvart nýjum áskorunum sem til þess eru fallnar að skerða rekstrahæfi mikilvægra innviða. Er sú hættu að mati embættisins til staðar eins og henni er lýst í greinargerð með frumvarpinu og því tilefni til að skerpa á reglum um prófanir á áfallaþoli og eftirliti með virkni og eiginleikum búnaðar. Á það jafnt við um viðbúnað sem tryggi að fjarskiptakerfið fái þjónuð mikilvægum hagsmunum almennings sem og viðbragðsaðila við aðstæður þegar reynir á almannavarnir og viðbúnaði varðandi almannaöryggi og öryggi ríkisins.

Út frá öryggissjónarmiðum er brýnt að brugðist sé við þeirri þróun að mikilvægir innviðir færast í erlenda eigu, sem gæti leitt til þess að vistun búnaðar og upplýsinga yrði utan íslenskrar lögsögu. Vegna almanna- og þjóðaröryggis er mikilvægt að ríkisvaldið hafi skýrar heimildir til þess að setja lágmarkskröfur á rekstraraðila mikilvægra innviða og þjónustu. Þá þarf að vera hægt að grípa inn í ef nauðsyn krefur til þess að tryggja áfallaþol og upplýsingavernd.

Ófullnægjandi kröfur og öryggisráðstafanir eru sérstök ógn sem bregðast þarf við. Á það m.a. við um tiltækileika, heilleika og leynd. Hvað varðar aðgengileika er ekki hægt að líta framhjá því að landið er tengt um sæstrengi sem geta rofnað, jafnvel vegna tölvuárása erlendis frá. Miðlæg stýring fjarskiptakerfa erlendis frá gæti þannig

FB

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

rofnað ef um það er að ræða og þarft að tryggja áfallaþol gagnvart slíkri ógn samhliða getu til endurreisnar hérlendis. Því þarf að gera kröfu um að til staðar verði búnaður hér á landi sem tryggir að hægt sé að halda virkni kerfa áfram þó til sambandsrofs komi til þess að tryggja áfallaþol. Eðlilegt er að gera kröfu um það í lögunum.

Þá vantar í lagafrumvarpið ákvæði um heimild stjórnvalda til þess gera kröfur um lágmarksgæði búnaðar (e. Best available Technology) í því skyni að tryggja rekstraröryggi kerfa og áfallaþol. Mætti bæta ákvæði í þá veru í 2. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar leynd upplýsinga má benda á þá þróun að upplýsingar og gögn ríkisins eru í ríkari mæli vistuð í skýi í erlendri lögsögu. Hérlendis er ekki til staðar löggjöf um vernd upplýsinga ríkisins. Má í því efni benda á löggjöf í Noregi þar sem stjórnvöld hafa sett ákveðnar kröfur byggðar á flokkun eftir mikilvægi. Þannig geta mikilvægir innviðir verið með mismunandi kröfur eftir þjóðhagslegu mikilvægi. Í því efni þarf að horfa til öryggisvottunar einstaklinga, aðstöðu, upplýsingakerfa og búnaðar. Ákvæði um skyldur á þessu sviði mætti með sama hætti bæta í 2. gr. frumvarpsins. Auk þess að setja lög um vernd upplýsinga ríkisins með sama hætti og gert er í Noregi. Skortur á löggjöf skerðir möguleika á þessu sviði ef tæknimenn, búnaður og upplýsingar eru utan íslenskrar lögsögu.

Vistun upplýsinga utan íslenskrar lögsögu getur einnig haft áhrif á rannsóknir sakamála. Tryggja þarf í lögum að á grundvelli dómsúrskurða sé fyrirtækjum með starfssemi hér á landi skylt að veita upplýsingar. Það skapar vanda ef afla þarf þeirra í erlendri lögsögu með réttarbeiðnum auk þess að ekki er sjálfgefið að upplýsingar séu vistaðar í því landi þar sem fyrirtækið sem er eigandi og annast þjónustuna er staðsett, heldur kunna upplýsingar að vera vistaðar í þriðja ríki utan EES svæðisins.

Lögreglan og almannavarnir nýta margvíslegan fjarskiptabúnað og sambönd í starfsemi sinni við allt viðbragð, samhæfingu og vettvangsstjórn við framkvæmd löggæslu og á sviði almannavarna. Neyðarlínan rekur Tetra öryggisfjarskiptakerfið í þágu lögreglu og annarra viðbragðsaðila og hefur reynslan af því verið góð. Tetra kerfið hefur meiri útbreiðslu en önnur fjarskiptakerfi og eru samskipti lögreglu um kerfið dulkóðuð. Kerfið er neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi lögreglu, annarra viðbragðsaðila og vegna almannavarna.

Þótt áreiðanleiki Tetra kerfisins hafi reynst góður verður hins vegar ekki fram hjá því litið, að flutningur rafrænna boða milli einstakra fjarskiptastöðva kerfisins fer í öllum höfuðdráttum eftir samböndum í almenna fjarskiptakerfinu. Þessi sambönd eru þannig hluti af fjarskiptaneti öryggisfjarskipta Tetra kerfisins. Öryggi um samskipti við einstök svæði er því í raun ekki umfram það sem áreiðanleiki sambandanna segir til um.


Neyðarlínan hefur bent á að löggjöf skortir um neyðar- og öryggisfjarskipti. Ríkislögreglustjóri tekur undir þá ábendingu og telur það ágalla á gildandi löggjöf um fjarskiptaþjónustu, að þar sé hvergi að finna skilgreiningu á því sem talið er til neyðar- og öryggisfjarskipta, hvað þá að þar sé að finna lagastoð fyrir skilgreiningum á eiginleikum og kröfum sem gera verður til áreiðanleika þeirra fjarskipta. Mikilvægt er að hugað verði að lagasetningu hvað þetta varðar við endurskoðun laga um fjarskipti.

AB

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Markmiðið er að styrkja lagaumgjörð um neyðar- og öryggisfjarskipti sem miði að því að teysta áreiðanleika fjarskiptaþjónustu viðbragðsaðila og annarra opinberra aðila sem koma að viðfangsefnum sem lúta að þjóðaröryggi sem og aðgengileika almennings að neyðarþjónustu þegar þess gerist þörf. Reyndar á þetta einnig við um önnur kerfi ríkisins svo sem tölvuþjónustu.

F.h. RLS



Jón Bjartmarz